

Fimmtudaginn 16. desember 1965.

Nr. 111/1965. **Ákærvaldið**

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)

gegn

Snæbirni Einarssyni (Agnar Gústafsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Brot gegn umferðarlögum og áfengislögum.

Dómur Hæstaréttar.

Eftir uppsögu héraðsdóms hafa vitni verið yfirheyrð fyrir dómi og eiðfest.

Með skirskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 6.000.00, og laun verjanda síns, kr. 6.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Snæbjörn Einarsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun fyrir Hæstarétti í ríkissjóð, kr. 6.000.00, og laun verjanda síns í Hæstarétti, Agnars Gústafssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 6.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Þingeyjarsýslu og Húsavíkur 20. apríl 1965.

Ár 1965, þriðjudaginn 20. apríl, klukkan 1330, var í sakadómi Þingeyjarsýslu og Húsavíkurkaupstaðar, sem haldinn var í skrifstofu embættisins í Húsavík af Jóhanni Skaptasyni, sýslumanni og bæjarfógeta, kveðinn upp dómur í málinu nr. 83/1964: Ákærvaldið gegn Snæbirni Einarssyni, sem dómtekið var 7. þ. m.

Málið er höfðað samkvæmt ákæruskjali saksóknara ríkisins, dagsettu 9. nóvember s.l., gegn Snæbirni Einarssyni kennara,

Gerði, Raufarhöfn, fyrir að aka sunnudaginn 30. ágúst 1964 eftir hádegið undir áhrifum áfengis bifreiðinni Þ 511 um götur Raufarhafnar að Síldarleitahúsinu.

Þetta er talið varða við 2. mgr. sbr. 3. mgr. 25. gr. sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 26/1958 og 1. mgr. 24. gr. sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 58/1954.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til öku-leyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er fæddur hinn 25. október 1902 í Garði í Þistilfirði í Norður-Þingeyjarsýslu.

Hann hefur áður sætt eftirgreindum refsingum:

1960 10/5 í Þingeyjarsýslu: Dómur, 10 daga varðhald, sviptur ökuleyfi í eitt ár fyrir brot á áfengislögum og umferðarlögum.

1961 2/2 í Þingeyjarsýslu: Dómur, 20 daga varðhald fyrir brot á 1. mgr. 26. gr., 1. mgr. 27. gr., 1. mgr. 37. gr. og 49. gr. sbr. 1. og 3. mgr. 80. gr. laga nr. 26/1958.

Málavextir eru þeir, sem nú skal greina:

Ákærði var á dansleik á Raufarhöfn aðfaranótt sunnudagsins 30. ágúst s.l. og neytti þá áfengis, sérstaklega nokkru eftir að dansleikurinn hætti. Hann heldur, að hann hafi farið heim til sín eftir dansleikinn um klukkan 4 um nóttina. Hann heldur, að svo hafi hann sofið 5—6 klukkutíma.

Morguninn eftir fór hann út að aka bifreiðinni Þ 511. Segir hann, að þrír menn hafi verið með sér í bifreiðinni. Hann hafi ekið suður úr bænum. Þar hafi hann farið inn til Árna Þóroddssonar, og vissi hann varla, fyrr en hann var búinn að smakka þar á víni. Hann segir, að Árni hafi afhent félögum sínum í bifreiðinni „leka“ til að „réttu sig af“, og auðvitað hafi þeir alltaf verið veifandi honum í bifreiðinni. Hann kveðst þó ekki vera viss um, að hann hafi neytt áfengis í bifreiðinni.

Hann segir, að félagar sínir hafi beðið sig að aka norður úr kauptúninu. Þá hafi hann allt í einu orðið þess var, að hann myndi vera undir áhrifum áfengis. Ók hann þá heim að síldarleitastöðinni og stöðvaði vél bifreiðarinnar. Ætlaði hann að fá þar mann til að aka bifreiðinni heim.

Hann bendir á, að hann hafi tekið inn pillur við hálsríg, og heldur hann, að áhrif þeirra hafi valdið því, að hann var sér ekki strax þess meðvitandi, að hann væri undir áfengisáhrifum.

Þegar ákærði ók norður úr kaupþúinu og upp að síldarleitarstöðinni, ók hann fram hjá aðsetri lögreglunnar á Raufarhöfn. Var það klukkan 1320.

Lögreglumennirnir höfðu veitt því athygli, að ákærði var talsvert undir áhrifum áfengis klukkan 2 nóttina áður, þegar dansleikurinn hætti.

Þeir veittu því athygli, þegar hann ók norður hjá lögreglustöðinni og upp að síldarleitarstöðinni. Grunaði lögreglumennina, að ákærði kynni að vera enn undir ölvunaráhrifum, svo þeir óku á eftir honum og höfðu tal af honum.

Áfengislykt lagði frá vitum ákærða, og hann viðurkenndi að hafa neytt lítils háttar áfengis þá skömmu áður í bifreiðinni, ca. tveggja sopa af vodka. Sömuleiðis viðurkenndi hann að hafa fundið til lítils háttar áfengisáhrifa við aksturinn seinast.

Lögreglumennirnir tóku öndunarprufu af ákærða. Benti hún til III.—IV. stigs.

Klukkan 14 tók læknir blóðsýnishorn úr ákærða. Var það sent héraðslækninum á Akureyri til rannsóknar, og reyndist það hafa inni að halda 1.10% reducerandi efni (alkóhól).

Lögreglan lýsir ákærða þannig:

Lítills háttar áfengisþefur af andardrætti, andlit þrútið (rjóður), fatnaður snyrtilegur, framkoma kurteis, augu vot, jafnvægi stöðugt, málfar skírt, framburður greinagóður.

Það verður að teljast sannað með viðurkenningu ákærða, niðurstöðu blóðrannsóknarinnar og skýrslu lögreglunnar, að ákærði hafi gerzt með framangreindu athæfi sínu brotlegur við þau lagaákvæði, sem greinir í ákærinni og hér að framan eru skráð.

Að þessu sinni henti hann ekkert óhapp í akstrinum.

Með hliðsjón af fyrri brotum ákærða og með tilliti til þess, að hann er roskinn maður, sem hefur fyrir 5 börnum að sjá, þykir refsing hans hæfilega ákveðin 20 daga varðhald. Hann skal sviptur ökuréttindum ævilangt og honum gert að greiða allan kostnað sakarinnar.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Snæbjörn Einarsson, sæti 20 daga varðhaldi. Hann er sviptur ökuréttindum ævilangt. Hann greiði allan kostnað sakarinnar.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.